

Meistaránámsnefnd Háskólaseturs Vestfjarða

Erindisbréf 2022-2024

Akureyri, 5.1.2022

Tilv.: 2112025

Meistaránámsnefnd Háskólaseturs Vestfjarða er skipuð samkvæmt samstarfssamningi Háskólans á Akureyri (HA) og Háskólaseturs Vestfjarða (Hsvest), sem undirritaður var þann 4. desember 2018.

Meistaránámsnefnd fjallar um málefni samstarfssamnings, samskipti samningsaðila ásamt því að hafa umsjón með faglegu skipulagi og framkvæmd meistaránáms í haf- og strandsvæðastjórnun, meistaránáms í sjávarbyggðafraeði og meistaránáms í sjávartengdri nýsköpun.

Meistaránámsnefndin er skipuð af rektor Háskólans á Akureyri og í henni sitja fimm fulltrúar og fimm til vara. Fulltrúar eru tilnefndir af Háskólasetri Vestfjarða, Hug- og félagsvísindasviði HA, Viðskipta- og raunvísindasviði HA og nemendum í meistaránámi við Háskólasetur Vestfjarða. Að auki skipar rektor fulltrúa án tilnefningar og er sá formaður nefndarinnar.

Hlutverk meistaránámsnefndar er:

- Að sjá um framkvæmd samstarfssamnings HA og Hsvest og ákvarðana sem honum tengjast.
- Að fjalla um framkvæmd meistaránáms og tryggja að reglum, lögum og gæðakröfum sé fylgt.
- Að bera faglega ábyrgð á náminu. Meistaránámsnefnd fer með öll sameiginleg málefni námsins, skipuleggur það og hefur yfirumsjón með því.
- Að tryggja gæði námsins.
- Að fjalla um sameiginleg málefni.
- Að fjalla um samnýtingu kennslu- og rannsóknnaðstöðu og tækjarekstur.
- Að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.

Meistaránámsnefndin setur sér starfsreglur og skal funda reglulega. Meistaránámsnefndin skilar rektor Háskólans á Akureyri árlega skýrslu um störf sín. Háskólasetur Vestfjarða sér nefndinni fyrir starfsmanni.

Fulltrúar í meistaránámsnefnd Háskólaseturs Vestfjarða:

- Brynhildur Bjarnadóttir dósent við kennaradeild HA, tilnefnd af Hug- og félagsvísindasviði HA. Varafulltrúi hennar er Þorlákur Axel Jónsson aðjúnkt við kennaradeild HA.
- Grétar Þór Eypórsson, prófessor við viðskiptadeild HA, skipaður af rektor án tilnefningar, formaður nefndarinnar. Varafulltrúi hans er Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, lektor við félagsvísindadeild HA.
- Peter Weiss forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða, tilnefndur af Háskólasetri Vestfjarða. Varafulltrúi hans er Harpa Grímsdóttir hópstjóri ofanflóðavöktunar á Veðurstofu Íslands og fulltrúi í stjórn Hsvest.
- Sophia Roland, tilnefnd af meistaraneimum við Háskólasetur Vestfjarða. Varafulltrúi hefur ekki verið tilnefndur.
- Steingrímur Jónsson, prófessor við auðlindadeild HA, tilnefndur af Viðskipta- og raunvísindasviði HA. Varafulltrúi hans er Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor við viðskiptadeild HA.

Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár, 1. janúar 2022 til 31. desember 2024.

Virðingarfyllst,

Eyjólfur Guðmundsson, rektor*

Undirritunarsíða

Rektor
Eyjólfur Guðmundsson